



- Leikvallastaðlarnir bestir á sumrin -

## Staðlar fyrir börn



Leikvallastaðlarnir eru fyrir fullorðna, en þó sérstaklega börn.

**L**eikvallastaðlarnir ÍST EN 1166 og ÍST EN 1177 eru fyrir börn, en líka byggingarfulltrúa sveitarfélaga, verktaka, stjórnendur grunnskóla og leikskóla, foreldrafélög, áhugafólk um öryggi barna og aðra sem koma að uppsetningu eða viðhaldi og rekstri leiktækja.

### Allir í einu

Stöðugt er unnið að gerð leikvallastaðla á vegum evrópsku staðlasamtakanna CEN. Í ritinu *Leikvallastöðlum*, sem fæst hjá Staðlaráði Íslands, er að finna þá leikvallastaðla sem þegar hafa verið staðfestir sem íslenskir staðlar og tvö frumvörp að íslenskum stöðlum. Þeirra á meðal eru staðlarnir:

- ÍST EN 1176-2:1998 Playground equipment – Part 2: Additional specific safety requirements and test methods for swings (Rólur, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir)
- ÍST EN 1176-3:1998 Playground equipment – Part 3: Additional specific safety requirements and test methods for slides (Rennibrautir, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir)
- ÍST EN 1176-5:1998 Playground equipment – Part 5: Additional specific safety requirements and test methods for carousels. (Hringekjur, sérkröfur um prófunaraðferðir)
- ÍST EN 1176-6:1998 Playground equipment – Part 6: Additional specific safety requirements and test methods for rocking equipment (Rugguhestar, sérkröfur um prófunaraðferðir)
- ÍST EN 1176-7:1997 Playground equipment – Part 7: Guidance on installation, inspection, maintenance and operation (Leikvallataeki, leiðbeiningar um uppsetningu, eftirlit, viðhald og rekstur)
- ÍST EN 1177:1997 Impact absorbing playground surfacing – Safety requirements and test methods (Yfirborðsefni á leiksvæðum, öryggiskröfur og aðferðir við prófun)

Staðlar eru góðir allt árið en leikvallastaðlar eru að sjálfsgöðu enn betri á sumrin, þegar framkvæmdir utandyra ná hámarki á leiksvæðum landsins og börn og fullorðnir lyfta sér á kreik. Nánari upplýsingar um *Leikvallastaðla* er að finna í *Staðlabúðinni – bækur og upplýsingarit*, á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is).

- Polhönnunarstaðlar -

## Fyrir byggingariðnað

Byggingarstaðlaráð (BSTR) hefur í samvinnu við fjölmarga hagsmunaaðila í byggingariðnaði unnið að gerð sérákvæða við nýju dönsku polhönnunarstaðlana og gerð þjóðarskjala við evrópsku forstaðlana um polhönnun, svokallaða „Eurocodes“.

Fólk í íslenskum byggingariðnaði þarf að huga að afrakstri þessa viðamikla starfs, nýjum stöðlum ásamt sérákvæðum og þjóðarskjölum sem taka gildi nú þann 1. júlí. Staðlarnir fást hjá Staðlaráði. Jafnframt fæst hjá Staðlaráði rit sem inniheldur öll þjóðarskjölin við evrópsku forstaðlana um polhönnun.

### Ísland Danmörk

Íslenskir staðlar með sérákvæðum við nýju dönsku polhönnunarstaðlana eru ÍST 12:2002 Álagsforsendur, ÍST 14:2002 Steinsteypuvirki og ÍST 15:2002 Grundun. Þá voru þrjár danskir staðlar teknir upp án sérákvæða, þ.e. ÍST DS 409 Norm for sikkerhedsbestemmelser for konstruktioner, ÍST DS 412 Norm for stálkonstruktioner og ÍST DS 413 Norm for trækonstruktioner.

Raftækni­tákni - bls. 4

ÍST ISO 17799 - bls. 3

Panta á netinu - bls. 2

- Panta íslenska staðla -

# Öruggara á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)

Staðlaráð vinnur stöðugt að því að gera viðskiptavinum sínum auðveldara fyrir að nálgast staðla, en þar kemur netið að sjálfsgöðu mjög við sögu. Að panta staðla af heimasíðu Staðlaráðs, [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is), er í senn einfalt og tryggir best að pantanir komist til skila.

## Gaman að fikta

Á heimasíðu Staðlaráðs hefur nýjum leitarglugga verið komið fyrir sem blasir við um leið og komið er á síðuna. Þar má á mjög einfaldan hátt finna og panta alla gildandi íslenska staðla, evrópska staðla og frumvörp að íslenskum og evrópskum stöðlum. Allt sem þarf að gera er að slá inn númer staðalsins eða frumvarpsins sem ætlunin er að finna. Líkt og áður eru pantanir póstlagðar samdægurs eða næsta virka dag. – Ef hlutanúmer (partnumber) er notað við leit í glugganum, þarf sem stendur að hafa bil milli þess og númers staðals. Þannig þyrfi til dæmis að slá inn 61000 [bil]-4-02 til að finna staðalinn ÍST EN 61000-4-02. Þetta atriði



*Það er í senn öruggt og fljótlegt að panta staðla á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is).*

stendur hins vegar til bóta og brátt verður hægt að nota samsett númer við leit eins og þau koma fyrir af skepnunni.

Við hvetjum viðskiptavini okkar til að fikta, prófa sig áfram við að finna og panta íslenska staðla. Aðeins þarf að gæta þess að ganga ekki endanlega frá pöntuninni – nema ætlunin sé að panta. Það er gaman að fikta.

Í „Staðlabúðinni“ á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is) er einnig að finna form fyrir pantanir á alþjóðlegum stöðlum og þjóðarstöðlum. Þýskir, danskir og norskir, sænskir og breskir staðlar eru yfirleitt til á lager, svo og alþjóðlegir staðlar. Síðast en ekki síst eru allir velkomnir í heimsókn til Staðlaráðs að skoða staðla. Öflugt leitartæki stendur viðskiptavinum okkar til boða án endurgjalds.

- Aðalfundur Staðlaráðs -

## Brot úr ársskýrslu

Aðalfundur Staðlaráðs Íslands var haldinn 23. maí síðastliðinn. Hér á eftir getur að líta brot úr ársskýrslu fyrir árið 2001.

### Gott ár

„Árið 2001 var á margan hátt með þeim betri í sögu Staðlaráðs Íslands. Sala staðla var með líflegasta móti og lokið var við metnaðarfull útgáfuverkefni í góðri samvinnu við fagræð. Námskeiðahald á vegum Staðlaráðs var fest í sessi sem fastur liður í starfsemi og ný námskeið þróuð og markaðssett. Þá var tekin í notkun ný heimasíða Staðlaráðs



*Alþjóðlegi staðladagurinn 2001 var helgaður umhverfinu. Myndin er eftir Brasilíumanninn Carla Fatío.*

og lögð drög að skarpari ímynd með nýju merki (logo) og nýju útliti á öllu sem frá Staðlaráði kemur.

### 11737 íslenskir staðlar

„Staðfestingarnefnd starfar á vegum stjórnar og sér um að staðfesta staðla. Í nefndinni sátu Davíð Lúðvíksson, varaformaður Staðlaráðs, og Hreinn Jónasson frá Tæknifræðingafélagi Íslands. Á árinu voru staðfestir 1360 íslenskir staðlar og 250 staðlar felldir úr gildi. 2747 frumvörp voru auglýst til umsagnar. Í lok ársins 2001 voru 11737 staðlar í gildi á Íslandi.”

- Námskeið um ISO 17799 -

# Stjórnun upplýsingaöryggis

**A**síðustu vikum hefur Staðlaráð haldið úti námskeiði undir heitinu „Öruggerð meðferð upplýsinga – Stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt ISO 17799“. Þrjú námskeið hafa þegar verið haldin, þar af eitt sérnámskeið fyrir Landsvirkjun, og stefnt er að því að taka upp þráðinn að nýju í haust.

## Stjórnunarstaðlar

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur læri að beita viðurkenndum stöðlum við mótun öryggisstefnu og stjórnun upplýsingaöryggis í fyrirtækjum og stofnunum. Staðlarnir tveir sem námskeiðið snýst um eru ÍST ISO/IEC 17799:2000 *Upplýsingatækni – Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis* og ÍST BS 7799-2:1999 *Stjórnun upplýsingaöryggis – Forskrift fyrir stjórnkerfi upplýsingaöryggis*.

Ekki er um tæknistaðla að ræða, heldur stjórnunarstaðla. Staðlarnir lýsa atriðum sem

taka þarf afstöðu til við stjórnun upplýsingaöryggis í fyrirtækjum og stofnunum, og breytir þá engu hvort um er að ræða spjall starfsfólks á kaffistofunni, eldveggi í tölvukerfum eða föx sem berast fyrirtækinu á pappir, svo dæmi séu tekin.

Á námskeiðinu er farið yfir lykilatriði og uppbyggingu staðlanna og verklegar æfingar í mótun öryggisstefnu eru unnar í hópum.

## Fyrir öll fyrirtæki

Námskeiðið er ætlað:

- Stjórnendum, sem bera ábyrgð á að móta og innleiða stjórnkerfi upplýsingaöryggis
- Starfsfólki, sem gegnir lykilhlutverki í að innleiða stjórnkerfi upplýsingaöryggis
- Tæknifólki, sem kemur að tæknilegri útfærslu stjórnkerfisins
- Ráðgjöfum á sviði upplýsingaöryggis



*Svana Helen Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Stika ehf., er leiðbeinandi á námskeiðinu. Stíki hefur fengið vottun samkvæmt stöðlunum ÍST BS 7799-2 og ÍST EN ISO 9001 frá bresku staðlasamtökunum BSI.*

Nánari upplýsingar er að finna á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is). Þar er jafnframt hægt að skrá sig á lista og fá þannig að vita þegar skráning hefst á næsta námskeiði í haust.

- Do Re Mi Fa ... -

# Staðlar og tónlist heyra saman

**T**ónlistin er alþjóðlegt tungumál. Annað alþjóðlegt fyrirbæri eru staðlar. Það er vegna þessa skyldleika sem ISO 15707, nýr alþjóðlegur staðall, hefur litið dagsins ljós. Á tímum tölvuvæðdra gagnagrunna og Netsins, gæti hann valdið straumhvörfum í viðskiptum með tónverk.

## Fleiri eyru

Staðallinn heitir fullu nafni ISO 15707 *Information and documentation – International Standard Musical Work Code*. Með honum er kleift að auðkenna tónverk, þannig að auðveldara verði að skiptast á upplýsingum

um verkin. Upplýsingar um tónverk og alþjóðleg samskipti milli samtaka rétthafa, útgefenda, plötufyrirtækja og annarra sem hagsmuna eiga að gæta ættu að verða greiðari og tónlistin þar með að ná eyrum fleiri.

## ISWC

Staðallinn ISO 15707 gerir kleift að útteila hverju tónverki auðkenni sem í senn er einstakt fyrir hvert verk og alþjóðlega viðurkennt. Að því leyti er það sambærilegt við ISBN, sem notað er til að auðkenna bækur og ISSN auðkennið fyrir tímarit. Tónverkið getur verið af hvaða tagi sem er, brot úr auglýsingastefni eða sínfónía, útgefið verk eða

óútgefið. Útdeiling auðkennis er jafnframt óháð því hvers konar höfundarréttur tekur til verksins.

Auðkennið er skammstafað ISWC, sem stendur fyrir International Standard Musical Work Code. Það er samsett úr bókstafnum „T“ ásamt 9 tölustöfum auk vartölu.

Í samræmi við ISO 15707 ber alþjóðaskrifstofa ISWC ábyrgð á stjórnun og viðhaldi kerfisins. Alþjóðaskrifstofan útnefnir svæðis-skrifstofur fyrir sína hönd sem taka á móti og vinna úr umsóknum um ISWC númer.

Nánari upplýsingar um ISWC er að finna á vefslóðinni [www.iswc.org](http://www.iswc.org). Staðallinn fæst hjá Staðlaráði Íslands.



- Rafteikningar -

## Raftækniþákn í gagnabrunni

Viðskiptavinum Staðlaráðs býðst að gerast áskrifendur að raftækniþákn-um gegnum Netið og nota táknið í teikningar sínar.

### ÍST EN 60617

Gagnabrunnurinn er í raun staðlaröðin IEC 60617, hlutar 02-11, sem í íslensku útgáfu heitir ÍST EN 60617. Brunnurinn samanstendur af gagnablöðum sem innihalda hvert sitt raftækniþákn ásamt útskýringum. Táknin sjálf er svonefnd gif-mynd sem áskrifendur geta sótt í brunninn og notað í eigin gögnum.

### Sveigjanleg áskrift

Hægt er að velja um breytilegan áskriftartíma að brunninum, allt frá þremur mánuðum til tveggja ára, fyrir einn notanda eða fleiri. ÍST EN 60617 er einnig fánlegur á pappír, en höfuðkostur áskriftar að gagnabrunninum er sá að þar með tryggja notendur að þeir styðjist ávallt við gildandi



*Fyrirtæki sem vilja fá raftækniþáknin í staðlinum IEC 60617 á tölvutæku sniði geta pantað aðgang að þeim á heimasíðu Staðlaráðs, [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is).*

alþjóðaútgáfu staðalsins, auk þess hagræðis sem fæst við að nota táknið í tölvuhannaðar rafteikningar.

Á vef Staðlaráðs er hægt að panta áskrift á einfaldan hátt. Staðlaráð sér síðan um að

ganga frá áskriftinni og opna fyrir aðgang að gagnabrunninum.

Nánari upplýsingar er að finna á slóðinni [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is) eða hjá Sigurði Sigurðarsyni í síma 520 7150.



## Staðlar létta þér lífið... ... þegar þú brunar niður vatnsrennibraut

Staðallinn ÍST EN 1069 *Water slides of 2 m height and more* er einn af fjölmörgum stöðlum sem varða íþróttir og tómstundastarf.

Fjölmörgum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.